

Kjaradeilusjóður FÍN

Ársreikningur 2022

Borgartúni 6  
105 Reykjavík

Kt. 510501-3060

# Efnisyfirlit

---

Áritun óháðs endurskoðanda .....	1
Áritun og skýrsla stjórnar .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Skýringar .....	6

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar í Kjaradeilusjóði FÍN

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjaradeilusjóðs FÍN fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2022, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2022 og efnahag hans 31. desember 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Óhæði

Við erum óháð Kjaradeilusjóði FÍN í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

## Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að meta rekstrarhæfi Kjaradeilusjóðs FÍN og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- \* Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- \* Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- \* Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- \* Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- \* Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

## Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík 20. mars 2023

Ingunn H. Hauksdóttir  
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

# Áritun og skýrsla stjórnar

---

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var tap ársins 2022 kr. 27.815.455. Hrein eign sjóðsins í árslok nam kr. 384.738.849.

Stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík 20. mars 2023

# Rekstrarreikningur 2022

Rekstrartekjur	Skýr.	2022	2021
Aðrar rekstrartekjur .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Rekstrargjöld			
Veittir styrkir .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Rekstrarhagnaður		0	0
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur .....		6.910	973
Bankakostnaður .....		(1.346.586)	(1.172.713)
Fjármagnstekjuskattur .....		7.258.850	(4.163.106)
(Tap)/Hagnaður af verðbréfum .....	3	(33.734.629)	42.675.868
		<u>(27.815.455)</u>	<u>37.341.022</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(27.815.455)</u>	<u>37.341.022</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

## Eignir

	Skýr.	2022	2021
Veltufjármunir			
Verðbréfaeign .....	3	384.345.567	412.430.976
Handbært fé .....		492.083	225.237
Veltufjármunir samtals		<u>384.837.650</u>	<u>412.656.213</u>
Eignir samtals		<u><u>384.837.650</u></u>	<u><u>412.656.213</u></u>

## Eigið fé og skuldir

### Eigið fé

Eigið fé í upphafi .....	412.554.304	375.213.282
Hagnaður ársins .....	(27.815.455)	37.341.022
Eigið fé samtals	<u>384.738.849</u>	<u>412.554.304</u>

### Skammtímaskuldir

Aðrar skuldir .....	98.801	101.909
Skammtímaskuldir samtals	<u>98.801</u>	<u>101.909</u>
Skuldir samtals	<u>98.801</u>	<u>101.909</u>

Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>384.837.650</u></u>	<u><u>412.656.213</u></u>
-----------------------------	---------------------------	---------------------------

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

Kjaradeilusjóður FÍN er sjóður á vegum stéttarfélagsins Félags íslenska náttúrufræðinga. Lögheimili félagsins er að Borgartúni 6, 105 Reykjavík.

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu, líkt og árið áður.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan verðbréfaeign sem færð er á gangvirði. Stjórnendur sjóðsins hafa metið rekstrarhæfi hans og telja að sjóðurinn hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

### Tekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign er flokkuð sem fjáreign tilgreind á gangvirði í gegnum rekstur við upphaflega skráningu og færast gangvirðisbreytingar á rekstrarreikning sjóðsins.

	<u>2022</u>	<u>2021</u>
Arion banki .....	260.497.994	276.610.798
Íslensk verðbréf .....	150.421.103	170.243.217
Skuldb. vegna fjám.tsk. af óinnleystum hagnaði verðbr. ....	<u>(26.573.530)</u>	<u>(34.423.039)</u>
	<u>384.345.567</u>	<u>412.430.976</u>

Gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning greinast þannig:

	<u>2022</u>	<u>2021</u>
Arion banki .....	(15.362.804)	31.213.886
Íslensk verðbréf .....	<u>(18.371.825)</u>	<u>11.461.982</u>
Samtals .....	<u>(33.734.629)</u>	<u>42.675.868</u>



# Undirritunarsíða

Marianna Hugrún Helgadóttir

Bergljót Sigríður Einarsdóttir

Friðþjófur A Árnason

Berglind Ósk Alfreðsdóttir

Þorkell Heiðarsson

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Ólafur Eggertsson

Ingunn Hafdís Hauksdóttir